



## MA-nám í ritlist

Í ritlist gefst áhugafólki um ritsmíðar færi á að þroska hæfileika sína undir handleiðslu reyndra höfunda. Lögð er áhersla á frjóa hugsun og miðlun hennar í listrænum texta af ýmsu tagi. Meðfram eru lesnar bókmenntir hvaðanæva úr heiminum.

Ritlist verður boðin til MA-prófs frá og með haustinu 2011.

### Skilgreining námsins

Um er að ræða fjögurra missera (120 ects) nám sem lýkur með MA-gráðu. Námið er að miklu leyti verklegt, og þá kennt í smiðjum eða rithringjum, en líka að hluta til fræðilegt.

Þar sem ritlist krefst mikils af þátttakendum verður starfið eins einstaklingsmiðað og kostur er. Unnið verður í fremur litlum hópum og þá náið með leiðbeinendum með það fyrir augum að hjálpa þátttakendum að finna sína rödd og sinn efnivið. Áhersla verður lögð á að skapa samfélag um ritlistina sem megi gagnast verðandi höfundum á ýmsan hátt.

### Uppbygging námsins

Ritsmiðjur: 60 ects

MA-verkefni: 30 ects

Valnámskeið: 30 ects

- *Ritsmiðjur* eru verkleg námskeið sem alla jafna eru helguð ákveðinni bókmenntagrein, s.s. frásagnarlist, ljóðlist, ritgerðum, þýðingum, leikritun, kvikmyndahandritsgerð eða barnabókaskrifum. Þar leggja nemendur fram frumsamið efni sem rætt er af hópnum. Nemandi getur valið úr ritsmiðjum eftir því sem námsframboð gefur tilefni til. Ein smiðja er skylda, grunnnámskeiðið InnRitun.
- *Valnámskeið* eru bókmenntanámskeið eða önnur skyld námskeið sem nemandi telur nýtast í námi sínu, t.d. við gerð lokaverkefnis, og velur í samvinnu við umsjónarmann námsins. Þau má sækja vítt og breitt um deildir HÍ.
- *MA-verkefni* er frumsamin ritsmíð af listrænum toga, unnin á námstímanum. Hún getur verið safn sagna eða annarra lausamálstexta, ljóðasafn, ritgerðasafn, leikrit, kvikmyndahandrit, þýðing eða skáldsaga. Verkinu skal fylgja greinargerð um vinnslu þess.



## Samvinna við aðrar greinar

Þar sem ritlist á samleið með öðrum skyldum greinum á meistarastigi gefst nemum kostur á að sækja sér einingar í almennri bókmenntafræði, íslensku, blaðamennsku, hagnýtri ritstjórn og útgáfu, hagnýtri menningarmiðlun og þýðingafraeði.

Með þessu geta nemar bæði aukið fjölbreytni í námi sínu og sérhæft sig. Meðal námskeiða sem ritlistarnemar gætu nýtt sér í öðrum greinum, og ýmist fengið metin sem smiðjur eða valnámskeið, má nefna:

- *Almenn bókmenntafræði*: Ýmis bókmennta- og bókmenntasögunámskeið
- *Blaðamennska*: BLF106F Fréttamennska (smiðja), BLF308F Netmiðlun (smiðja; forkröfur: reynsla af að taka og klippa útvarps- og sjónvarpsefni)
- *Hagnýt menningarmiðlun*: HMM101F Miðlunarleiðir (smiðja), HMM210F Texti og tal (smiðja), HMM211F Miðlun í verki (smiðja)
- *Hagnýt ritstjórn og útgáfa*: ÍSL443F Ritstjórn og fræðileg skrif (smiðja), ABF803F Hagnýtt rannsóknanámskeið (smiðja)
- *Íslenska*: Ýmis bókmennta- og bókmenntasögunámskeið
- *Þýðingafraeði*: ÞÝÐ001M Þýðingafraeði (smiðja), ÞÝÐ003M Þýðingasaga (smiðja), ÞÝÐ505M Fjölmíðlapýðingar, Bókmenntaþýðingar (smiðja; háð tilteknum tungumálum)

## Inntökuskilyrði

Nemendur sem hefja meistaranám í ritlist skulu hafa lokið BA, B.Ed. eða BS-prófi með fyrstu einkunn. Þeir sem ekki hafa lokið BA-námi í almennri bókmenntafræði eða íslensku ljúki, auk 120 eininga á meistarastigi, námskeiðunum ÍSL111G Bókmenntafræði (eða ABF104G Aðferðum og hugtökum), ÍSL205G Íslenskri bókmenntasögu og einu bókmennta- eða bókmenntasögunámskeiði til viðbótar á BA-stigi. Þessum viðbótarnámskeiðum skal ljúka á fyrsta og öðru misseri námsins.

Umsækjendur skulu einnig senda inn frumsamið efni og verða gjaldgengir umsækjendur valdir inn í námið á grundvelli þess. Umsækjendur geta sent inn smásögur, kafla úr skáldsögu fyrir börn eða fullorðna, einpáttung, listræna ritgerð; hámark 30-40 síður. Ljóðskáld sendi 10–12 ljóð. Þá skulu umsækjendur einnig skila inn stuttri greinargerð um áhugasvið sitt og markmið með náminu (ein síða).

Þriggja manna dómnefnd, skipuð umsjónarmanni námsins og tveimur rithöfundum, velur úr umsóknum. Allt að 25 nemendur verða teknir inn árlega.



## Umsóknarfrestur

Umsóknarfrestur fyrir meistaranám í ritlist er til 15. apríl fyrir innritun á haustmisseri. Aðeins verður tekið inn að hausti.

Umsóknum skal skilað rafrænt á heimasíðu HÍ, [www.hi.is](http://www.hi.is). Umframgögn skulu berast verkefnastjóra framhaldsnáms á Hugvísindasviði, 3. hæð í Aðalbyggingu.

## Markmið

Markmiðið með ritlistarnámi á MA-stigi er að búa til rithöfundasmiðju þar sem efnilegir höfundar fá tækifæri og aðstöðu til að þroska hæfileika sína undir stjórn reyndra rithöfunda. Þar gefst þeim kostur á að skrifa jafnt og þétt og verður leiðbeint um hvaðeina sem lýtur að listrænum ritsmíðum, s.s. vinnulag, efnistöð, byggingu, mál og stíl, prófarkalestur, frágang, ritstjórn og útgáfu.